

Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á ýmsum lagaákvæðum sem tengjast fiskeldi (áhættumat erfðablöndunar, úthlutun eldissvæða, stjórnvaldssektir o.fl.).

148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 656 — 457. mál. Stjórnarfrumvarp.

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum.

Eins og það er mikilvægt að skýr lög gildi um fiskeldi þá er það verulega slæmt þegar frumvarp til laga skuli verulega gallað þegar kemur að stjórnsýslu við eldið.

Forsendur með sumum greinum frumvarpsins eru veikar og illa rökstuddar, ef ekki beinlínis rangar.

Gert er ráð fyrir því að ein af stofnunun ríkisins; Hafrannsóknarstofnun fái alræðisvald í málum sem varða leyfisveitingar og eftirlit, þegar stofnunin er rannsóknastofnun í sömu málum og ætti því einungis að vera ráðgefandi rannsóknarstofnun.

Þessi atriði koma fyrir í nokkrum greinum frumvarpsins sem verður tíundað nánar hér á eftir.

Breyting á lögum um fiskeldi, nr. 71/2008, með síðari breytingum.

I kafli

3. gr.

Í þriðju gr. Stendur að:

„Hafrannsóknastofnun ákveði skiptingu fjarða eða hafsvæða í eldissvæði á grundvelli burðarþols og hagkvæmastrar nýtingar þessara svæða“.

Mikilvægt er að Hafrannsóknastofnun sé ráðgefandi rannsóknastofnun en ekki stjórnsýslu stofnun og því ætti Hafrannsóknastofnun að leggja til skiptingu svæða, eða koma með upplýsingar til að byggja skiptingu svæða á.

Eðlilegt væri að stjórnsýslustofnun í umhverfismálum tæki ákvarðanir, það er t.d. Umhverfisstofnun.

7. gr.

(6. gr a)

Í þessari grein birtist „áhættumat erfðablöndunar“ og ekki skýrt frekar í hverju það felst.

Gert er ráð fyrir Hafrannsóknastofnun gefi út áhættumat svo oft sem þörf er á að mati stofnunarinnar en ekki sjaldnar en á þriggja ára fresti. Það er óeðlilegt að

Hafrannsóknastofnun ákveði hvort endurskoða þurfi áhættumat oftár. Eðlilegt væri að samráðnefndin gæti farið fram á að áhættumatið sé endurskoðað þegar nefndin telur þörf á því.

Í greininni er í umræðu um frjóa laxa gefið í skyn að ræktun ófrjórna laxa sé komin af tilraunastig en svo er ekki.

Ráðherra staðfestir áhættumat erfðablöndunar að fenginni tillögu Hafrannsóknastofnunar.

Hafrannsóknastofnun skal kynna matið fyrir samráðsnefnd, en er ekki skyldug til að taka tillit til athugasemda samráðsnefndarinnar.

Tillagan er bindandi fyrir ráðherra, sem þýðir að Hafrannsóknastofnun ákveður og er því bæði ráðgefandi rannsóknastofnun og stjórnsýslustofnun í þessu máli.

(6. gr b)

Burðarþol skal framkvæmt af Hafrannsóknarstofnun eða aðila sem ráðuneytið samþykkir að fenginni bindandi umsókn Hafrannsóknarstofnunar.

Það er í raun algjörlega út í hött að Hafrannsóknastofnun eigi að ákveða hver gerir burðarþolsmat á fjörðum og gefur Hafrannsóknastofnun þann möguleika að stjórna og taka ákvörðun um hver gerir hvað. Ekki síst í ljósi þess að fleiri aðilar koma að vöktun fiskeldis og sem þá liggur til grundvallar frekari leyfum og rekstri fiskeldisfyrirtækja.

Hafrannsóknastofnun á enn og aftur að vera ráðgefandi en ekki stjórnsýslustofnun.

Það verður að teljast harla óeðlilegt að Hafrannsóknarstofnun ákveði hverjir aðrir geti stundað ákveðnar rannsóknir.

Burðarþolið á svo að endurskoða þegar Hafrannsóknarstofnun hentar og virðast engir aðrir geta komið að því.

Hafrannsóknastofnun skal vakta lífrænt álag. Eðlilegra væri að Umhverfisstofnun hafi frumkvæði að slíkri vöktun og fengi Hafrannsóknastofnun eða til þess eða aðra hæfa aðilar til að vakta lífrænt álag.

Það er ekki gott fyrir neinn og síst Hafrannsóknastofnun að vera sett yfir allt án samráðs.

17 gr.

(19. gr a)

Grein um tímabundnar rannsóknir Hafrannsóknastofnunar er óskiljanleg. Greinin er væntanlega óþörf, eða hún er til að leyfa furðulegt tilraunaeldi í Ísafjarðardjúpi. Ákvörðun um slíkar tilraunir þarf náttúrlega að taka sérstaklega að vandlega yfirveguðu máli og eftir víðtækt samráð.

Virðingarfyllst,

Dr. Þorleifur Ágústsson fiskalífeyrisfræðingur hjá NORCE

Dr. Þorleifur Eiríksson dýrfræðingur hjá RORUM